

Grindavíkurbær  
Atli Geir Júlíusson  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík 23. september 2020  
UST202009-219/A.B.  
10.05.03

### **Efni: Umsögn vegna framkvæmda - Göngu- og hjólastígur í Grindavík**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdaleyfis fyrir göngu- og hjólastíg í Grindavík.

Í erindinu kemur fram að um er að ræða strandstíg sem hefur verið á aðalskipulagi sveitarfélagsins um langt skeið. Um er að ræða um 2,5 m breiðan malbikaðan stíg sem liggur frá þéttbýli Grindavíkur að golfvelli Golfklúbbs Grindavíkur vestan við þéttbýlið.

### **Hraun**

Í erindinu kemur fram að stígurinn mun fara um hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess kemur fram að stígurinn er lagður á fyrirhuguðum stað til að takmarka rask eins og kostur er og nýta þegar raskað svæði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka við legu stígsins.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veга saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

### **Utanvegaakstur**

Umhverfisstofnun telur æskilegt að samhliða framkvæmdinni verði almennri umferð á svæðinu stýrt til þess að sporna gegn utanvegaakstri á svæðinu.


### **Bílastæði og rask**

Til að lágmarka rask, bæta ásýnd svæðisins, auka öryggi gangandi og hjólandi og koma í veg fyrir utanvegaakstur leggur Umhverfisstofnun til að litla bílastæðið við 500 metra skv. uppdrætti sem fylgdi erindinu, verði fært að stærra bílastæðinu við 320 metrana. Auk þess leggur stofnunin til af sama tilefni að litla bílastæðið við 1.320 metrana verði staðsett við 1550 metrana og stígurinn lagður á aflagðan veg.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Rakei Kristjansdóttir  
sérfræðingur